



## Málstefna Vesturbyggðar

2024-2029

### 1. Leiðarljós og gildissvið

Vandað, skýrt og auðskilið mál, hvort heldur ritað eða talað, er lykilatriði í allri þjónustu og stjórnsýslu Vesturbyggðar. Þar er íslenska í öndvegi og skal hún vera til fyrirmyndar í samræmi við þingsályktun um íslenska málstefnu frá 2009 og lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknaðs nr. 61/2011. Í sömu lögum er kveðið á um að ríki og sveitarfélög beri ábyrgð á að varðveita og efla íslenska tungu og sjá til þess að hún sé notuð (2. og 5. gr.).

Málstefna þessi tekur mið af annarri stefnumörkun og skuldbindingu af hálfu sveitarfélagsins og byggir á grundvallaratriðum um jafnræði, virðingu, traust, gagnsæi, gott aðgengi að upplýsingum og virkum samskiptum.

Málstefna þessi gildir á öllum starfsstöðvum og stofnunum sveitarfélagsins. Starfsfólk skal taka mið af henni í störfum sínum og samskiptum og vanda allt mál í þjónustu og upplýsingamiðlun.

### 2. Íslenska og önnur tungumál

Starfsfólk Vesturbyggðar skal nota íslensku í störfum sínum og stjórnsýslu nema þar sem aðstæður krefjast þess að það noti önnur tungumál.

Allar upplýsingar um þjónustu bæjarins, útgefið efni, fundargerðir og önnur gögn, eru á vandaðri, skýrri og auðskiljanlegri íslensku. Lykilupplýsingar um stofnanir og þjónustu sveitarfélagsins á heimasíðu þess skulu vera aðgengilegar á ensku og pólsku sem og á öðrum tungumálum eftir atvikum.

Allt efni sem skylt er að upplýsa bæjarbúa og hagsmunaaðila um samkvæmt lögum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum skal birta á vandaðri og auðskiljanlegri íslensku. Þetta á meðal annars við um skipulagsákvæðanir, grenndarkynningar, auglýsingar, tilkynningar, reglugerðir og aðrar samþykktir.

Íslenska skal vera meginsamskiptamál í þjónustu og vinnuumhverfi starfsstaða sveitarfélagsins. Þetta gildir líka um viðmót í tölvum, rafrænni þjónustu og helsta notendahugbúnað á starfsstöðvum sveitarfélagsins.

Í rafrænni þjónustu sveitarfélagsins skal allt mál vera skýrt og auðskiljanlegt þannig að íbúar geti hæglega nýtt sér hana og lokið erindum sínum.

Allt efni á vegum sveitarfélagsins sem gefið er út á erlendum tungumálum skal jafnframt vera til á íslensku.

### 3. Aðgengi

Allar upplýsingar um þjónustu sveitarfélagsins skulu vera á skýru og skiljanlegu máli sem er aðgengilegt öllum og þjónustan löguð að þeim sem hana þiggja eftir fremsta megni.

Starfsmenn skulu kalla eftir aðkomu túlka þegar nauðsynlega er talin þörf á í samráði við næsta yfirmann.

Allt vefefni sveitarfélagsins skal vera auðlæsilegt og aðgengilegt með helstu hjálpartækjum, svo sem skjálesurum og talgervlum.

### 4. Málfar og málnotkun



Sá/sú/það sem kemur fram fyrir hönd sveitarfélagsins talar og ritar vandað mál. Á það við um öll tungumál, íslensku sem önnur. Vandað mál er markvisst og í samræmi við málvenju og viðeigandi málsnið og ritað í samræmi við ritreglur.

Samskipti við notendur þjónustu sveitarfélagsins, ávörp, svör við erindum, upplýsingar um þjónustu og starfsemi sveitarfélagsins skulu fela í sér virðingu og inngildingu allra hópa. Leitast skal við að nota hlutlaust, einfalt og skýrt mál. Forðast skal gildishlaðin orð, sterk lýsingarorð, flókin fagheiti og skammstafanir.

Starfsfólk skal þýða á íslensku fagheiti og hugtök í störfum sínum eins og kostur er.

Sveitarfélagið reynir eftir fremsta megni að efla færni erlends starfsfólks í íslensku með vönduðu málfari í daglegu starfi sem og að hvetja starfsfólk til að sækja íslenskunámskeið í sveitarfélaginu og nágrenni þess.

### 5. Ábyrgð

Bæjarstjóri ber ábyrgð á málstefnu Vesturbyggðar og er jafnframt helsti talsmaður hennar en sviðsstjórar og stjórnendur stofnana sveitarfélagsins bera ábyrgð á að henni sé framfylgt. Öll svið og allar stofnanir sveitarfélagsins tileinki sér þessa málstefnu og fylgi henni eftir.

Málstefna þessi skal endurskoðuð eigi síður en að fimm árum liðnum frá gildistöku.

### 6. Innleiðing

Bæjarstjóri sér um að kynna málstefnuna fyrir sviðsstjórum og skal þeirri kynningu lokið einum mánuði eftir gildistöku hennar.

Sviðsstjórar sjá um að kynna málstefnuna í fagráðum og meðal stjórnenda á fagsviðum og skal þeirri kynningu lokið þremur mánuðum eftir gildistöku stefnunnar.

Sviðs- og deildarstjórar kynna málstefnuna á sínum starfsstöðvum og stuðla að innleiðingu hennar. Kynningu á málstefnunni skal lokið af hálfu fagsviða hálfu ári eftir gildistöku hennar.

Bæjarstjóri ber ábyrgð á að fylgst sé með að útgefið efni sveitarfélagsins sé á skýru og skiljanlegu máli. og að tryggja aðgang starfsmanna að málstefnunni á hverri starfsstöð.

Ritstjórn Vesturbyggðar ber ábyrgð á að málstefnunni sé framfylgt á heimasíðu og samfélagsmiðlum sveitarfélagsins.

*Samþykkt af bæjarráði Vesturbyggðar þann 22. október 2024.*